



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Ísafirði 20. febrúar 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurgreiðslu til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda. Þingskjal 136.

Fyrir alþingi liggur fyrir frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annara framkvæmda. Íþróttafélagið Vestri sem er með starfsvæði við norðanverða Vestfirði, hefur kynnt sér frumvarpið og fagnar þeirri framsýni sem sýnd er með framlagningu þess.

Óumdeilt er að í nútíma samfélagi velur fólk sér meðal annars búsetu eftir aðstöðu til afþreyingar og íþróttaiðkunar. Samfélög á starfsvæði Vestra hafa um nokkurt skeið átt undir högg að sækja á ýmsan hátt. Meðal annars hefur svæðið dregist nokkuð aftur úr hvað varðar aðstöðu til íþróttaiðkunar. Ekki er um að kenna viljaleysi yfirvalda heldur sú staðreynd að svæðið er „kalt“ og samfélögin af þeirri stærð að erfitt reynist að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu.

Framlagt frumvarp mun mjög léttu róður íþróttahreyfingarinnar í uppbyggingu aðstöðu sem mun leiða til öflugra heilsueflandi samfélags og auka gæði barna og unglingsstarfs.

Virðingarfyllt

Hjalti Karlsson formaður Vestra